

Fundur 5.6.2023 Magnea áður Magnús, dó 1707 úr stórubólu.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið, velkomin.*

Þakka ég fyrir að komast hér að og var ég nú lengi þeirrar skoðunnar að ekki ætti að segja allar sögur en var ég hvött til þess að gera það og vil ég hér byrja á því að segja að falleg er stjörnu sýnin úr þessari stjörnusambandsstöð.

Og æfinlega er mér jafn mikill heiður að koma hingað og hlusta á þessi erindi og horfa yfir mannfjöldann.

Hér er eins og áður mikill fjöldi í salnum og vona ég að ég hafi kjark til að segja alla þessa sögu en skil ég ekki hvaða lögmál eru þar að verki sem eru þess valdandi að okkur er sagt að sumir þeir sem vilja koma fram með erindi til ykkar séu ekki færir um það, því stillilögmálið er slíkt, hamli því.

En oft hef ég á æfi minni viljað segja mína sögu en ekki verið auðvelt alltaf af ýmsum ástæðum bæði persónulegum og tæknilegum í svona sambandsmálum.

Er þetta nú fyrsti framlífs hnötturinn þar sem kjarkur minn er slíkur að ég hef sagt sögu mína til enda mörgum og hluti af samfélagi sem skilur þessa sögu og meðtekur hana af fullum skilningi og eins og ég segi, ég þekki ekki þessi lögmál til hlítar en er mér sagt að þjóðfélags umbætur í ykkar þjóðfélagi geri mér það kleift að koma fram með erindi mitt hér í kvöld og það sé öðrum að þakka sem barist hafa fyrir þessu málefni og já maðurinn man sín fyrri líf og það er bæði bölg og stórkostlegur kostur sem ég vil kalla og finnst mér svo gott að hafa fengið kjarkinn til að segja mína sögu.

Og ég finn erfiðleika en ég ætla ekki að gefast upp, ég ætla að segja þessa sögu í kvöld og hef oft ekki komið, því að en þið getið ekki skilið erfiðleikana við það að þora ekki fyrst að tjá sig og hafa svo ekki stuðning, en vera svo í samfélagi sem styður mann en tala við gömlu.

Já þetta er gamla jörðin mín sem þið eruð á og á ég ekki góðar minningar frá þeim stað og þarf ég mikinn kjark til að takast á við þær, en eins og ég segi, minningar eru bæði bölg og gæfa og verður að segja söguna eins og hún er og ég, jarðvist mín var kannski ekki svo slæm, en fyrstu framlífs tilverur mínar voru ekki nógu góðar og má segja að þar hafi einnig komið inn lífsreynsla hjá mér sem festi þá tilfinningu og skoðun í sessi hjá mér að ég ætti ekki að segja mína sögu og ætti ekki að rifja upp jarðlíf mitt fyrsta, en reyna að halda áfram innan þeirra marka sem mér voru sett.

En það hefur þó breyst eftir að ég er kominn á þessa jörð og hefur það allt breyst til batnaðar og segja má nú að þetta líf sé allt eins og það á að vera, en finn ég enn þá ónot þegar ég hugsa til fyrri æfi skeiða og gömlu framlífs jörðina, en ætla nú að segja frá því.

Ég lenti í minni hluta hóp á fyrsta framlífs hnetti mínum og þegar ég dó af þeim hnetti, hafði ég ekki losnað undan erfiðleikum og átti það eftir að halda áfram á öðrum framlífs hnetti mínum, en var það undir lok þess æfiskeiðs sem fór að rofa til og því komst ég á betri framlífs hnött nú og hef verið hér lengi og hefur mér liðið vel.

En ástæðan fyrir vandræðum mínum var lengi að koma í ljós og samfélagið ekki tilbúið og skipti þar mjög miklu máli að ég tilheyrði þeirri stétt á framlífs jörð minni á Íslandi sem kölluð var niðursetningar og dó ég þegar farsótt geisaði og hafði átt við sjúkdóma að stríða og fátækt þar áður og foreldrar mínir höfðu verið drepnir vegna Stóradóms.

*Já, já.*

Lausaleiks barn svo kallað og var þar að auki fátækt og persónuleg bilun eins og kallað var og einnig á framlífs jörð minni, þar sem strangari kristin trú tók við og já ég gladdist er ég kom í nýjan líkama, satt var það og fyrstu framlífs jörð minni, heilbrigður og hraustur og nokkuð sem ég hafði

ekki fundið fyrir lengi á frumlífs jörð minni á gamla Íslandi sem var kalt og erfitt og fannst mér gæfan blasa við mér, en voru þar ættingjar mínir foreldrar og aðrir og var ég sömu, fæddist inn í sömu stétt og voru þar harðari reglurnar og eftir því sem ég eltist og fór að vinna fyrir mér, urðu á vegi mínum vandamál sem voru meiri heldur en á gömlu jörðinni, voru það deilur um mat og hvar skyldi búa og meðfædd bilun sem fylgdi mér eins og kallað var.

Og flæktist ég þá víða um þann hnött og versnaði staða mín talsvert lengi, batnaði svo örlítið á þeim hnetti, en allstaðar var þar eins ástandið og harðar reglurnar og mikil kirkjuleg völd og Keisarar og Kóngar og eymdin mikil.

Bældi ég þar alltaf niður hneigðir mínar sem hindruðu það að ég ætti í kynnum við konur og taldi mig hafa fæðst í röngum líkama og voru þar nokkrir slíkir á þeim hnetti sem ég komst í kynni við þegar ég var orðinn aldraður og endaði sú ævi ekki vel, heldur varð, vil ekki lýsa því það voru pyntinga aðferðir og komst svo á annan hnött og voru þar erfið fyrstu árin þar sem erfið var lífsbaráttan, en hafði ég þá fengið líkamsorkuna aftur og gat átt nokkur ágæt ár og kom þar fram á sjónarsviðið vísindamenn og háskóla og margar trúardeildir þar sem fólk gat valið um mismunandi trúarbrögð og var það mér talsverð blessun þegar á æfina leið og náði ég þar talsvert hærri aldri.

Og fékk ég margsinnis orku til að halda áfram og náði mjög háum aldri og komst ég þar í kynni við ýmsa hópa sem hjálpuðu mér og kom ég svo fram á þessum hnetti sem ég er staddur á núna og er þar mikið um heiðin trúarbrögð og hef tekið þau upp hér á framlífs jörð.

Og gekk ég hér í gegnum þau umskipti sem eru orðin kunn á jörðinni sem kynleiðrétting og kalla mig nú Magneu en hét ég Magnús.

*Já, þetta eru miklar fréttir.*

Já, vil einnig segja að hér eru einnig deilur um það að ekki er allt sem sýnist í þessum málum og teljum við að Jahve vilji gera það að áhuga efni þeirra sem óharnaðir unglingar eru hjá ykkur og skal því ekki, og skal það því vera rannsakað vel og vandlega áður en slíkt fer fram.

Og hefur þjóðfélag okkar gengið í gegnum slíkar umbreytingar og erum við hér með stofnanir sem sinna eftirliti og teljum við ykkur eiga eftir að skoða þessi mál betur og hef ég ekki orð á mér fyrir það á þessum hnetti að vera frjálslyndastur allra í þessu, frjálslyndust allra.

Hef ég verið hér lengi og var ég uppi, dó ég 1707 úr stórubólu og já hér eru Íslendingar saman komnir og nokkrir af öðrum þjóðernum og eru hér flestir að jafna sig á erfiðum æviskeiðum fortíðarinnar, af ýmsum ástæðum.

Já, fagna ég því mjög að margt horfir til betri vegar á gömlu jörðinni og var það eins og þungu fargi af mér létt að þessi saga, að gæti sagt þessa sögu og hjálpar það kannski gömlu jörðinni að skylja að þessi mál eru margslungin og fólk verður að setja sig inn í þetta vel og komast að samkomulagi.

Já ég hef nú stiklað á stóru og þakka ég kærlega fyrir en ég vil að lokum hvetja ykkur til að huga að þessum stéttum sem standa verr og þakka ég fyrir að hafa mátt flytja mál mitt.

Hef ég ekki farið ofan í þetta nema í stórum dráttum, verð ég nú að kveðja verið þið sæl og takk fyrir.

*Ég þakka þér fyrir og óska þér alls hins besta.*

Takk fyrir.

*Vertu blessuð Magnea og þakka þér fyrir að segja okkur sögu þína.*

Takk.